

Mánudaginn 26. marzmánaðar.

Nr. 7/1900:

Einar Zoëga
gegn
W. Ó Breiðfjörð.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði hinn stefndi kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð í Reykjavík gegn áfrýjandanum, veitingamanni Einari Zoëga í Reykjavík, til lúkningar verzlunarskuld að upphæð 234 kr. 15 a., og var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 9. nóv. f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda 184 kr. 15 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 15 kr. í málskostnað. Svo var og áfrýjandinn samkvæmt tilsk. 11. ágúst 1819, sbr. tilsk. 24. jan. 1838, sektaður um 4 kr. til landssjóðs.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. jan. þ. á. og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 60 kr. í málskostnað.

Fyrir bæjarþinginu hafði áfrýjandinn ekkert að athuga við 169 kr. 15 a. af hinni umstefndu skuld, og af mótmælum sínum gegn öðrum 15 kr.

af skuldinni lét hann síðar í málinu, þegar stefnandinn (stefndi fyrir yfirdóminum) hafði skýrt frá, hvernig á þeim stæði. Þessar viðurkendu upphæðir (kr. 169,15 + 15,00 = 184, 15) dæmði bæjarþingsdómurinn áfrýjandann til að greiða stefnda, en sýknaði hann að öðru leyti. Og með því að áfrýjandinn hér fyrir réttinum hefir engin rök fært fyrir kröfu sinni um frekari niðurfærslu skuldarinnar eða algjörða sýknun í málinu, ber að staðfesta bæjarþingsdóminn að því aðalefni hans snertir. Svo ber og að staðfesta bæjarþingsdóminn að því snertir ákvæði hans um málskostnað og um sekt fyrir óþarfa þrætu, sem lögð var á áfrýjanda fyrir að láta eigi í forföllum sínum mæta á fullnægjandi hátt fyrir sáttanefnd. Ber þannig að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum. Fyrir yfirdóminum verður og að sekta áfrýjandann fyrir bersýnilega ástæðulausa áfrýjun samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819, sbr. tilskipun 24. jan. 1838, 3. gr., um 15 krónur, er renni í landssjóð. Í málskostnað greiði áfrýjandi stefnda 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Einar Zoëga greiði stefnda W. Ó. Breiðfjörð í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur. Svo greiði hann og 15 kr. sekt í landssjóð.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.